

# Íslenskur iðnaður

SI

3/4. tbl. 14. árg

Samtök iðnaðarins

Mars/Apríl 2008



## Ísland og Evrópa Mótum eigin framtíð

Iðþing 2008 var með glæsilegasta móti og vel sótt. Tilgangur Iðþings er að vekja athygli á og styrkja umræðu um brýn málefni sem varða iðnaðinn. Óhætt er að segja að vel hafi tekist til með umfjöllunarefni þingsins í ár; Evrópumálin. Þjóðfélagsumræða um Evrópumálin hefur verið mjög vaxandi undanfarna mánuði og náði miklum hæðum í marsmánuði sem að hluta má þakka athyglinni sem Iðþingið vakti og skilaði sér í verðskuldaðri fjölmiðlaumfjöllun.

### Fjölbreytt sjónarmið

Framtíð íslensks efnahags- og atvinnulífs var í brennidepli á þinginu og hjá þeim sjö framsögumönnum sem tóku til máls á þinginu komu fram fjölbreytt sjónar-

mið. Allir eru sammála um að núverandi ástand sé óviðunandi og að nauðsynlegt sé að grípa til aðgerða sem tryggja stöðugleika og jafnan vöxt til framtíðar

og flestir eru þeirrar skoðunar að aðild að Evrópusambandinu sé sú leið sem vænlegust er til að ná þeim markmiðum.

Nánar um Iðþing á bls. 3, 6-7

## Rit og stuttmynd um Evrópumálin

Á Iðþinginu var lagt fram ritið *Ísland og Evrópa – Mótum eigin framtíð*. Í ritinu er fjallað um aðild að Evrópusambandinu og upptöku evru í stað íslensku krónunnar. Fjallað er um fjölmarga þætti málsins og leitað til innlendra og erlendra sérfræðinga. Auk þess voru sýnd á þinginu fjögur myndskreið: *fólkið, fullveldið, fyrirtækin*

og framtíðin úr stuttmyndinni *Ef* sem einnig var gerð í tengslum við Iðþing.

Árni Snævarr hafði umsjón með gerð rits og kvikmynda.

**Ritið er hægt að nálgast á skrifstofu SI.**



bls. 2

Umhverfisráðherra  
geri rétt

bls. 3, 6-7

Umfjöllun um  
Iðþing 2008

bls. 5

Helstu  
niðurstöður  
kjarasamninga

bls. 10

Atvinnuupp-  
bygging á  
landsbyggðinni

bls. 11

Rannsóknir eru  
auðveldar -  
þróun er erfð

# Umhverfisráðherra geri rétt



Oddný Harðardóttir  
bæjarstjóri  
sveitarfélagsins  
Garðs og Árni  
Sigfússon bæjarstjóri  
Reykjanesbæjar  
afhenda Ragnarí  
Guðmundssyni,  
forstjóra Norðurlands  
byggingarleyfið.  
mynd/Vikurfréttir

Íslendingum er nauðsynlegt að laða fjárfestingar í atvinnulífi til landsins. Þegar ákveðið er að byggja fyrirtæki á Íslandi í stað annarra landa felst í því yfirlýsing um traust á íslenskum aðstæðum. Þess vegna á að taka slíkum ákvörðunum fagnandi og reyna að greiða fyrir fjárfestingum á Íslandi í stað þess að torvelða.

Hlutverk stjórnvalda er að setja atvinnulífinu skýrar leikreglur og framfylgja þeim. Fyrirtæki sem fara að settum reglum eiga að geta gengið að því vísu að gatan sé þeim greið og stjórnvöld geri ekkert til þess að leggja stein í þá götu.

## Steinn og sleggja

Því miður er þetta ekki alltaf raunin. Það vill brenna við að stjórnvöld láti önnur sjónarmið ráða afgreiðslu mála og framgangi en þeim efnislegu leikreglum sem í gildi eru eða það sem verra er breyti þeim eða setji nýjar í miðjum klíðum. Þá eiga fyrirtæki það á hættu að lenda milli steins og sleggju þeirra sem um málin fjalla.

Skýrt dæmi um þetta er ferillinn í tengslum við stækkun Alcan í Straumsvík sem ekki varð. Þar mátti fyrirtækið sæta breyttum leikreglum á lokasprettinum þrátt fyrir að hafa aflað sér allra tilskyldra leyfa.

Samtök iðnaðarins hafa jafnan talað fyrir festu og stöðugleika í efnahagsmálum og öðrum starfsskilyrðum iðnaðarins og raunar alls atvinnulífsins. Þau hafa minnt á nauðsyn þess að draga eins og kostur er úr öllum óvissu- og áhættuþáttum sem stjórnvöld geta haft áhrif á eða vald yfir. Samkeppni og aðrar aðstæður sem hafa áhrif á markaðinn eru ærið verkefni fyrir fyrirtækin að takast á við.

Ekkert er við því að segja að mismunandi skoðanir séu á því hvort og hvar einstök fyrirtæki byggja eða stækka. Hitt er hins vegar óþolandi að geta ekki treyst á regluverk sem í gildi er og hlutleysi stjórnvalda þegar hafinn er undirbúningur jafnt stórra sem smárra verkefna. Fyrirtækin eiga ekki að þurfa að sæta því að pólitískir eða efnahagslegir vindar ráði

að lokum hvort þeim er heimilt að ráðast í framkvæmdir sem þau hafa unnið að, jafnvel um árabíl og með ærnum kostnaði.

## Ráðherra lét ekki undan

Það er því gleðiefni að umhverfisráðherra fór að lögum og féllst ekki á kæru Landverndar varðandi umhverfismat vegna álvers í Helgúvík þrátt fyrir eigin skoðun og mikinn þrýsting þeirra sem ekki vilja að Norðurland reisi álver við Helgúvík.

Gleðin yfir því að umhverfisráðherra stóðst þessa áraun er þó nokkuð blandin. Ráðherra leyndi ekki þeirri skoðun sinni, þegar hann greindi frá úrskurði sínum, að hann væri í rauninni mótfallinn eigin úrskurði en hendur hans væru bundnar að lögum. Við sama tækifæri boðaði hann að lagareglur yrðu hertar, og þá væntanlega til þess að lenda ekki aftur í sömu stöðu.

## Línuna þarf að draga

Hér er rétt að staldra aðeins við. Samtök iðnaðarins eru talsmenn þess að við nýtum og göngum um náttúruna af fullri virðingu og gætum þess að spilla henni ekki að óþörfu. Samtímis eru Samtök iðnaðarins talsmenn þess að nýta auðlindir landsins til atvinnu- og velferðarsköpunar. Þetta er grundvallaratriði. Vissulega er um það deilt hvar skuli draga mörk milli nýtingar og verndar. Þess vegna hafa Samtök iðnaðarins talað fyrir því að brýnt sé að ljúka gerð verndar- og nýtingaráætlunar um náttúruauðlindir. Því miður hefur ekki verið settur nægur kraftur í það verkefni undanfarin ár og það veldur okkur vandræðum.

Gjalda verður varhug við því að auka völd ráðherra á kostnað efnislegra og hlutlausra laga og reglna. Skoðanir ráðherra og starfsmanna undirstofnana ráðuneytisins á því hvað sé æskileg eða óæskileg starfsemi má aldrei ráða úrslitum. Hér verða hlutlægar reglur að gilda sem annars staðar. Það er heldur ekki tækt að stjórnvöld telji sig þess umkomin að banna eða heimila framkvæmdir einkaaðila á þeim grundvelli að það henti stöðu efnahagsmála í það sinn.

Ástæða er til þess að benda á að það er ekki skynsamlegt að herða á eða oftúlka reglur um sameiginlegt mat á umhverfisáhrifum tiltekinnar framkvæmdar og því sem kallað er tengdar framkvæmdir. Það er t.d. ástæðulaust að leggja þá ábyrgð á herðar þeim sem hyggst kaupa orku að standa skil á umhverfisáhrifum hjá þeim sem hyggst selja orkuna og ófugt. Orkusalinn hefur val um að selja mörgum kaupendum og orkukaupandinn hefur val um að kaupa orku af fleiri en einum aðila.

Standi vilji Alþingis til þess að banna tiltekna atvinnustarfsemi á að gera það með lögum. Þá þarf enginn að eiga það á hættu að hefja undirbúning framkvæmda sem síðar verða bannaðar. Þau lög geta ekki verið afturvirk frekar en önnur.



Jón Steindór Valdimarsson  
framkvæmdastjóri SI

# Helgi endurkjörinn formaður

Helgi Magnússon var endurkjörinn formaður Samtaka iðnaðarins með 97% atkvæða. Auð og ógild atkvæði voru um 3%.

Í stjórn voru kjörin til tveggja ára Þorsteinn Víglundsson, BM Vallá, Ingvar Kristinsson, Marel og Anna María Pétursdóttir, Laugar Spa. Fyrir í stjórn voru Aðalheiður Héðinsdóttir, Kaffitár ehf., Loftur Árnason, ÍSTAK hf., Sigurður Bragi Guðmundsson og Tómas Már Sigurðsson, Alcoa Fjarðaál sf.

Anna María Pétursdóttir, Vífilfell hf., Bolli Árnason, GT Tækni ehf. og Sveinbjörn Hjálmarsson, Umslag ehf. komu næst að atkvæðatölu og voru kjörin til setu í ráðgjafaráði Samtaka iðnaðarins til eins árs og eru jafnframt varamenn í stjórn Samtakanna. Kosningaþátttaka var 74,75%.



Frá aðalfundi Samtakanna

## Ályktun Iðnpings

Öll iðnfyrirtæki þarfnast sama grundvallar til að vaxa, dafna og skila eigendum sínum og samfélaginu arði. Stöðugleiki verður að ríkja í efnahagslífinu, vöxtur að vera jafn og öruggur og starfsskilyrði, sem eru í valdi stjórnvalda, eins hagfelld og kostur er. Undanfarin ár hafa íslenskur iðnaður og atvinnulíf tekið stakkaskiptum. Vöxtur hefur verið mikill og alþjóðavæðing atvinnulífsins verið hröð.

Þó að vel hafi gengið er langt í frá að tekist hafi að tryggja stöðugleika. Ekki þarf að fjölyrða um sveiflur í gengi krónunnar, óbærilega háa vexti, verðbólgu og viðskiptahalla. Verkefnið er síður en svo auðvelt og engar skyndilausnir tiltækar. Þess vegna er nauðsynlegt að marka stefnu til langs tíma og fækka áhættuþáttum. Búa þarf efnahagsstjórninni trúverðuga umgjörð og skapa henni nauðsynlegt aðhald. Reynslan sýnir að núverandi kerfi dugar okkur ekki og er á ýmsan hátt til trafala.

Samtök iðnaðarins hafa um árabíl beitt sér fyrir faglegri og málefnalegri

umræðu um Evrópumálin. Í ályktun Iðnpings fyrir ári var lögð áhersla á að Íslendingar kæmst að niðurstöðu varðandi afstöðu til Evrópusambandsins á þessu kjörtímabili. Staða efnahagsmála hefur leitt til þess að inn-ganga í Evrópusambandið og upptaka evru eru til meiri og alvarlegri umræðu í íslensku atvinnulífi en áður hefur verið. Flestir eru nú sammála um að einhliða upptaka evru komi ekki til greina og því sé ekki um aðra kosti að ræða en að ganga í Evrópusambandið eða halda óbreyttu fyrir-komulagi.

Samtök iðnaðarins skora á ríkisstjórnina að taka aðild Íslands að ESB á dagskrá og fela hinni nýju Evrópunefnd sinni það hlutverk að móta samningsmarkmið, fara í saumana á samningaferlinu, færa rök fyrir þeim sjónarmiðum sem við þurfum að halda á lofti vegna sérstöðu okkar og hefjast þegar handa við að finna lausnir sem við getum unað við. Því betur undirbúin sem við göngum til þessa verks þeim mun betur mun okkur farnast.

## Nýir félagsmenn SI

**Naust Marine ehf.**  
**Skeiðarási 3**  
**210 Garðabær**

**Iceland Spa & Fitness ehf.**  
**Brautarholti 20**  
**105 Reykjavík**

**SERO ehf.**  
**Vallarbraut 2**  
**545 Skagaströnd**

**Gogogic ehf.**  
**Hverfisgötu 103**  
**101 Reykjavík**

**TellMeTwin ehf.**  
**Bankastræti 10**  
**101 Reykjavík**

**Jónsmenn ehf.**  
**Dalseli 12**  
**700 Egilsstaðir**

## Burt með stimpilgjöldin

Ríkið innheimtir 1,5% stimpilgjald af skuldabréfum og 0,4% af fasteignamati við útgáfu afsals fyrir fasteign. Þessi skattheimta er úrelt og ósanngjörn.

Nú kreppir að á fasteignamarkaði. Ríkið á að grípa tækifærið og fella niður stimpilgjöldin að fullu.

Það er ekki eftir neinu að biða.

**SI**

Samtök iðnaðarins

Sterkur bakhjarl  
í sibreytilegu umhverfi

www.si.is



## Samtök iðnaðarins um menntun og mannauð

### Íslensk iðnfyrirtæki treysta á öflugt menntakerfi



**SI**

Samtök iðnaðarins



Gott til endurvinnslu

Íslandsmót iðngreina haldið samhliða Verki og viti

# Iðnnemar keppa í ellefu greinum

Íslandsmót iðngreina verður haldið samhliða Verki og viti dagana 18. og 19. apríl í anddyri gömlu Laugardalshallarinnar. „Markmiðið með mótshaldinu er að vekja athygli á iðnnámi, hvað er í boði og hvað fólk fer að gera að námi loknu,“ segir Tryggvi Thayer, verkefnisstjóri mótsins fyrir hönd Iðnmenntar. Iðnmennt sér um almennan undirbúning og skipulag mótsins en AP almannatengsl sjá um kynningu og framkvæmd. Að skipulagningu keppnisgreina koma Félag hársnyrtisveina, Félag íslenskra snyrtifræðinga, Félag pípulagningameistara, Félag vélstjóra og málmátnimanna, Rafiðnaðarsamband Íslands og IÐAN – fræðslusetur. Aðalbakhjarlar mótsins eru Samtök iðnaðarins og menntamálaráðuneytið.

### Breytt fyrirkomulag Íslandsmóts

Slíkt mót hefur verið haldið þrisvar áður undir yfirskriftinni Íslandsmót iðnnema. Þá kepptu skólarnir hver við annan í ýmsum greinum. Nú verður fyrirkomulag mótsins með öðrum hætti og nemarnir keppa hverjir við aðra. Ástæðan er sú að iðnnám hefur tekið ýmsum breytingum og margar greinar eru kenndar á fáum stöðum eða jafnvel einum stað þar sem skólar hafa verið að sérhæfa sig meira en áður var.

Að þessu sinni verður keppt í 11 greinum. Alls eru skráðir 77 keppendur og verður keppt í málsuðu, trésmíði, pípulögn, bílaiðngreinum, múrverki, málaraiðn, dúklagningum, hársnyrtingu, snyrtifræði, upplýsinga- og fjölmiðlagreinum og rafvirkjun. Mótið hefur verið haldið árlega en gert er ráð fyrir að það verði haldið á tveggja ára fresti eftirleiðis og að nemar taki þátt í erlendum mótum þess á milli. Meira er lagt í keppnisgreinarnar nú en áður og viðfangsefnið yfirleitt veigameiri og meira krefjandi.

### Þátttaka í alþjóðlegum mótum

Menntamálaráðuneytið styrkir Iðnmennt til að kynna iðn- og starfsnám í grunnskólum og Tryggvi segir að Íslandsmótið sé eitt helsta framlag Iðnmenntar hvað það varðar. Fagfélög og IÐAN – fræðslusetur sjái hins vegar um keppendur og keppni hvert í sinni grein. Keppendur sem taka þátt í erlendum mótum njóta stuðnings fagfélaga sinna en þau leita



Frá Íslandsmótinu í fyrra, ljósm. Jón Svavarsson

gjarna eftir stuðningi atvinnulífsins í slíkum tilvikum. Allir þessir aðilar koma með einum eða öðrum hætti að mótum hér heima og erlendis.

Iðnmennt á aðild að félögum sem standa að erlendum mótum og hugmyndin er að auka þátttöku í þeim. Nú er ætlunin að byggja upp öflugt Evrópumót, Euro Skills, og það fyrsta verður haldið í Rotterdam í september nk. World Skills mótið er hins vegar haldið á tveggja ára fresti. Það var haldið í Japan í fyrra en verður í Kanada á næsta ári. Þessi mót eru bæði fyrir þá sem eru enn í námi og þá sem hafa nýlokið því. Menntamálaráðuneytið styrkir þátttöku í Íslandsmótinu og erlendu samstarfi.

### Tengsl iðnskóla og atvinnulífs efla

Markmiðið með breyttu fyrirkomulagi mótsins er m.a. að auka þátttöku atvinnulífsins í mótinu og efla tengslin milli þess og iðnskólanna. „Iðnfélögin hafa alltaf verið mjög sterkir bakhjarlar iðnnáms hér á landi. Þau áttu ríkan þátt í að koma iðnnámi á laggirnar á sínum tíma og hafa haft mikil áhrif á hvernig það hefur þróast. Tilgangurinn með mótshaldinu er einnig að vekja athygli atvinnulífsins á því hvað hægt er að gera til að námið haldi áfram að þróast og eflast.“

## Spurt og svarað um REACH



### Hvetur REACH til nýsköpunar og þróunar hættuminni efna?

Eitt af markmiðunum með REACH er að auka rannsóknir og þróun og stuðla þannig að aukinni samkeppnishæfni evrópsk efnaíðnaðar. Talið er að eftirfarandi þættir styðji við þetta markmið:

- Undanþágu frá skráningu til 5 ára fá efni sem eru eingöngu notuð við rannsóknir og þróun á vörum og framleiðsluferlum. Hægt er að sækja um framlengingu til 5 ára til viðbótar
- Mörkin fyrir skráningu eru við 1 tonn á ári í REACH, mun hærrí en í núverandi löggjöf, 10 kg
- Þess er vænst að skráningarnar verði hraðvirkara ferli en núverandi fyrirkomulag og ódýrari
- Krafa um leyfisveitingar mun hvetja til þróunar efna sem má nota í stað sérlega hættulegra efna.

### Hefur almenningur aðgang að upplýsingum um efni sem eru skráð?

Já, meirihluti upplýsinga sem lagðar eru fram um efni verða aðgengilegar á Netinu. Efnastofnunin mun sjá um það verkefni.

### Leiðir REACH til aukinna tilrauna á dýrum?

Reynt verður að takmarka dýratilraunir fyrir efni sem framleidd eru í minna magni (1-10 tonn á ári hjá hverjum framleiðenda/innflytjanda). Fyrir efni, sem framleidd eru í meira magni, getur verið nauðsynlegt að gera dýratilraunir ef ekki eru til góð gögn eða aðrar leiðir duga ekki til að afla þeirra gagna sem þarf.

Í matsferlinu verður ákvarðað hvort nauðsynlegt er að gera dýratilraunir. Krafa um að deila upplýsingum í SIEF, samvinnu fyrirtækja um skráningu, er meðal annars gerð til að draga úr þörf á tilraunum á dýrum.

### Leiðir REACH til þess að færri efni verði á markaði?

Ætla má að sum efni verði ekki skráð, þar sem framleiðandi eða innflytjandi telur það ekki svara kostnaði. Framkvæmdastjórn EB áætlar að 10 – 12 % af efnum á markaði verði ekki skráð. Samtök í iðnaði áætla að sú tala sé mun hærrí.

Bryndís Skúladóttir

## Helstu niðurstöður kjarasamninga



Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands undirrituðu kjarasamninga 17. febrúar sl. Samningarnir taka til 80.000 launamanna í sex landssamböndum ASÍ.

Markmið samninganna var að forgangsraða því svigrúmi sem atvinnulífið hafði á þeim tíma til launahækkana til þeirra sem fá greidd laun samkvæmt lægstu kaupþóxtum og til þeirra sem setið hafa eftir í launaskriði. Ekki hefur atburðarás síðustu daga dregið úr þýðingu þessarar viðvörunnar.

Í yfirlýsingu frá SA er lögð áhersla á að fyrirtæki geri ekki aðrar launabreytingar nú en þær sem ákveðnar eru í samningum. Þá er einkum verið að vísa til þess að taka tillit til þeirra launahækkana sem einstök fyrirtæki hafa hugsanlega veitt sínu fólki frá 2. janúar á síðasta ári og viðkomandi eru með hærrí laun en útgefnir launataxtar gera ráð fyrir – eru yfirborgaðir. Þær hækkunar á að draga frá þeirri 5,5% hækkun sem þeir einir eiga að fá sem ekki fengu neina hækkun frá framangreindri dagsetningu. Hafi t.a.m. einhver fengið lægri hækkun en það, t.d. 3%, þá fær sá hinn sami 2,5% hækkun frá 1. febrúar í ár. Þetta hefur verið kölluð „launaþróunartrygging“ og miðar að því að gera betur við þá sem lægst hafa launin. Um hina sem hafa þegið laun samkvæmt töxtum gildir eins og sést í meðfylgjandi töflu.

Lágmarkstekjur fyrir fullt starf verða 145.000 kr. á mánuði 2008, 157.000 kr. 2009 og 165.000 kr. 2010. Þessi fjárhæð var 125.000 kr. fyrir gerð samninganna.

Þeir sem hófu störf á tímabilinu 2. jan.

til 30. sept. 2007 eiga rétt á því að febrúarlaun séu 4,5% hærrí en við ráðningu. Þeir sem voru ráðnir síðar eiga ekki rétt á endurskoðun launa.

Launaþróunartrygging 2009 felur í sér að réttur launafólks til þess að laun þann 1. mars séu 3,5% hærrí en 1. feb. 2008. Þeir sem hefja störf á tímabilinu eiga sama rétt nema um annað sé samið við ráðningu. Áhættan er lögð á launagreiðendur að taka fram í ráðningarsamningi ef samið hefur verið um að launaþróunartrygging 1. mars sé innifalin í launakjörum við ráðningu nýrra starfsmanna.

### Starfsmenntasjóðir

Iðgjöld í starfsmenntasjóði verkafólks hækka úr 0,15% í 0,2% af heildarlaunum frá 1. júní 2008. Iðgjöld vegna endurmenntunar iðnaðarmanna breytast úr krónutölu í hlutfall launatekna viðkomandi. Sú tala hefur ekki enn verið ákveðin en verður þó ekki lægri en 0,4% af heildarlaunum frá 1.6.2008 eftir nánara samkomulagi félaganna og Samtaka iðnaðarins.

### Annað

Um frekari ákvæði kjarasamninganna, s.s. tilgreiningu yfirvinnu, starfsmanna-viðtöl, samkeppnisákvæði, orlof, námskeið, endurhæfingarsjóð, slysatryggingar og uppsagnir vísast á vefsetur Samtaka atvinnulífsins, [www.sa.is](http://www.sa.is).

Sjá einnig sérstaka yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, m.a. um aukinn persónuafslátt og aukinn og lækkun tekjuskatts fyrirtækja.

Ingi Bogi Bogason  
Ingólfur Sverrisson

| Taxtahækkanir                 | 1.2.2008 | 1.3.2009 | 1.1.2010 |
|-------------------------------|----------|----------|----------|
| Verka- og afgreiðslufólk      | 18.000   | 13.500   | 6.500    |
| Iðnaðarmenn og skrifstofufólk | 21.000   | 17.500   | 10.500   |

# Komum vel undirbúin til Brussel

*Helgi Magnússon formaður Samtaka iðnaðarins hóf ræðu sína með tilvísun í niðurlag ræðunnar sem hann hélt fyrir ári þar sem hann hélt því fram að Íslendingar gætu búist við áframhaldandi velgengni næstu ár ef ákveðnir hlutir í umhverfinu gengju upp. Meðal þeirra væri að niðurstaða næðist varðandi stefnu Íslendinga í Evrópumálum. Helgi segir að ekki sé eftir neinu að bíða, Íslendingar séu tilbúnir.*

„Flest bendir til að efnahagslegum hagsmunum okkar sé betur borgið með aðild að Evrópusambandinu. Flest bendir einnig til þess að aðildarumsókn frá Íslandi yrði vel tekið og að samningarviðræður þyrftu ekki að taka langan tíma.“ Helgi sagði að um nokkurra ára verkefni væri að ræða og að innganga Íslands í Evrópusambandið væri ekki skyndilausn á þeim efnahagsvanda sem nú steðjaði að þjóðinni. Hann lagði einnig þunga áherslu á að vandað væri til verks og að undirbúningur yrði hafinn tímanlega svo að farið yrði af stað með skýr og metnaðarfull markmið gagnvart hagsmunum Íslands. „Komum vel undirbúin til Brussel og knýjum þar dyra í öruggri vissu um hvað við viljum og staðráðin í ná fram öllu því sem Íslendingum er fyrir bestu. Þannig skulum við móta okkar eigin framtíð.“

## Aukin velmegun með ESB-aðild

Össur Skarphéðinsson, iðnaðarráðherra var erlendis þegar þingið fór fram og var ræðu hans varpað upp á skjá í salnum.



Iðnaðarráðherra fór yfir það helsta sem ný ríkisstjórn hefur unnið að í tengslum við íslenskan iðnað og eflingu atvinnulífs í landinu í alþjóðlegu samhengi. Hann telur framtíðarhorfur iðnaðarins góðar og nefndi sérstaklega möguleika á sviði hátækni.

Þá fjallaði hann um þau verkefni sem Iðnaðarráðuneytið og Samtök iðnaðarins hafa verið að þoka áfram með góðum árangri á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar.

Össur lauk máli sínu með því að víkja að Evrópumálunum. Hann sagði það ljóst að innganga í ESB væri ekki á dagskrá hjá núverandi ríkisstjórn en það breytti ekki þeirri skoðun hans að ávinningur af fullri þátttöku sé aukin velmegun í landinu. „Í þessu efni má ekki kredda heldur blákalt hagsmunamat ráða. Ég trúir því að þekking landsmanna á þessum mögu-


leikum fari vaxandi og að á komandi árum verði auðveldara en fyrr að skýra og ná fram sérhagsmunum okkar gagnvart Evrópusambandinu. Það er því óhjákvæmilegt að málefni þess verði snar þáttur í mótun framtíðar okkar Íslendinga.“



## Farsælla að standa utan við ESB

Illugi Gunnarsson, þingmaður sjálfstæðisflokksins sagði í ræðu sinni að upptaka evru væri í raun það eina sem aðild að ESB hefði umfram EES. Hann telur að umræðan um Evrópumálin hafi stjórnast um of af gangi efnahagslífsins. Þegar vel hafi árað beri lítið á umræðu um inngöngu í ESB en þegar á móti blási, gjósi hún upp. „Það er ekki trúverðug umræða um framtíð lands og þjóðar sem á rót sína svo mjög í aðkallandi vanda þessa dags og næsta.“ Illugi telur farsælla að standa utan við ESB því með EES samningnum hefði Ísland aðgang að innri markaði Evrópu án þess að vera lokað þar inni og innan ESB væri Ísland tæplega í aðstöðu til að gera tvíhliða samninga eins og t.d. þá sem Íslendingar hafa gert í Kína. Hann segist vera þess fullviss að lítið opið hagkerfi sem er hluti af innri markaði ESB eigi góða möguleika á því að tryggja þegnum sínum framúrskarandi lífskjör en það sé jafnframt á ábyrgð þeirra sem ekki vilja aðild að ESB að skýra í hverju sá valkostur felst. „Ef við ætlum að búa við okkar eigin mynt þá verðum við að ná betri árangri heldur en þeim sem nú virðist vera raunin. Ég hef alla trú á því að það sé hægt og ég hef trú á því að valkosturinn sem felst í að vera utan ESB en hluti af innri markaðinum sé bæði raunhæfur og eftirsóknarverður.“

## Ekki hvort heldur hvenær



Valgerður Sverrisdóttir, þingmaður og fyrrverandi iðnaðarráðherra fjallaði um heimsvæðingu, hlutverk Íslands í breytttri





heimsmynd og núverandi efnahagsástand sem hún segir einkennast af óvissu í gengismálum og vaxtaokri. Hún telur marga vera þeirrar skoðunar að Ísland muni í framtíðinni verða aðili að Evrópusambandinu. Spurningin sé ekki hvort heldur hvenær það gerist.

Valgerður benti á að aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu hefði verið mjög umdeilt mál á sínum tíma en að nú séu í raun allir sammála um að aðild hafi verið rétt ákvörðun. Hún telur að eins muni það verða ef Ísland gerist aðili að Evrópusambandinu. „Það verður umdeilt í aðdragandanum og að einhverju leyti á meðan á aðildarviðræðum stendur, en ef við næðum samningi sem þjóðin teldi hagstæðan og myndi samþykkja í þjóðaratkvæðagreiðslu, hef ég þá trú að niðurstaðan myndi verða okkur farsæl.“

### Krónan og ferðapjónustan

Jón Karl Ólafsson, formaður Samtaka ferðapjónustunnar fjallaði m.a. um áhrif óstöðugleika íslensku krónunnar á



rekstrarskilyrði ferðapjónustunnar. Jón Karl sagði að ef stefnt yrði að inngöngu í ESB myndi það hugsanlega slá á þá óvissu sem einkennir fjármálamarkaðinn en tók jafnframt fram að Samtök í ferðapjónustu væru ekki búin að taka afstöðu til inngöngu. Hann sagði gengissveiflur hafa slæm áhrif á fyrirtæki í ferðapjónustu, sérstaklega minni fyrirtækin. „Miklar sveiflur í gengi krónu munu væntanlega halda áfram, hagstjórn hér á landi hefur hingað til ekki haft nein tæki til að eiga við gengissveiflur.“ Þó áréttaði hann að upptaka evru leysti ekki vandann og væri eins og staðan er í dag ekki vænlegur kostur.

### Stjórnmalamenn og almenningur ekki samstíga í ESB-umræðunni

Sigrún Davíðsdóttir, blaðamaður og rit höfundur hefur síðustu áratugi verið búsett erlendis, fyrst í Kaupmannahöfn og nú í London. Hún fjallaði um hvernig



Evrópuumræðan í nágrannalöndunum hefur komið henni fyrir sjónir og reifaði atriði sem henni hafa þótt einkenna umræðuna á Íslandi. Meðal annars benti hún á að stjórnmalamenn virðast almennt ekki hafa verið samstíga almenningi í umræðunni um ESB. Þá telur hún það misskilning að halda að umræða eða skortur á henni skili sér til útlanda. „Óháð umræðunni hér heima er fyrsta spurning útlendinga undantekningalaust, ef talið berst að Íslandi og Evrópu, af hverju Íslendingar hafi aldrei sótt um aðild. Það hefur aldrei verið auðvelt að svara þeirri spurningu á röklegan hátt - og gerist æ erfiðara eftir því sem tíminn líður.“

### Samkeppnishæfni fyrirtækja




Hörður Arnarson, forstjóri Marel Food Systems hélt síðasta erindi þingsins. Hann hóf umfjöllun sína á verðlagi og gengismálum og nefndi að innlend verðbólga og óstöðugt gengi krónunnar hefði raskað samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs og því væri nauðsynlegt að tilheyra stærra mynntsvæði. Hann sagði mikilvægt að stjórnvöld og Seðlabanki væru samstíga í ákvörðunum sínum en á það hefði skort. Hörður telur eðlilegt að Ísland gangi í Evrópusambandið og taki upp evruna í framtíðinni en áréttaði jafnframt að aðild leysir ekki núverandi efnahagsvanda heldur þurfi að leysa vandann til að ganga í Evrópusambandið.

Ræður og/eða glærur framsögumanna er hægt að nálgast á heimasíðu SI [www.si.is](http://www.si.is).




# Meirihluti fylgjandi að taka upp aðildarviðræður

Ertu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) því að taka upp aðildarviðræður við Evrópusambandið?




Heimild: Capacent Gallup fyrir Samtök iðnaðarins í janúar og febrúar 2008

Ertu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) aðild Íslands að Evrópusambandinu?



Heimild: Capacent Gallup fyrir Samtök iðnaðarins í janúar og febrúar 2008

Ertu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) því að taka upp evru sem gjaldmiðil á Íslandi í stað íslensku krónunnar?



Heimild: Capacent Gallup fyrir Samtök iðnaðarins í janúar og febrúar 2008

Meirihluti landsmanna er fylgjandi því að taka upp aðildarviðræður við Evrópusambandið en talsvert fleiri eru hlynntir en andsnúnir aðild að sambandinu og upp-töku evrunnar. Þetta eru helstu niðurstöður fylgiskönnunar sem Capacent Gallup gerði fyrir Samtök iðnaðarins janúar og febrúar 2008 og kynnt var á Iðnhingi. Hreinn meirihluti eða 54% er fylgjandi aðildarviðræðum en 30,3% eru á móti. Ef spurt var um fylgi við aðild að ESB, svöruðu 44,1% játandi en 34,3% voru á móti. Góður meirihluti eða 47,8% vildu svo taka upp evruna en 39% voru því andsnúnir.

Fylgi jafnt við aðildarviðræður, aðild og evruna hefur minnkað örlítið frá því í síð-ustu könnun í ágúst 2007 en munurinn er óverulegur.

Guðbjörg Andrea Jónsdóttir sem stýrði gerð könnunarinnar fyrir Capacent Gallup segir að karlar séu almennt hlynntari aðild en konur; íbúar suðvesturhornsins séu lang jákvæðastir gagnvart aðild að ESB en íbúar norðausturlands hafi neikvæðust viðhorf til Evrópusambandsins. Tengsl aldurs og viðhorfa til aðildar fara eftir kyni. Enginn munur er á viðhorfum karla eftir aldri en konur eru neikvæðari gagnvart aðild að sambandinu eftir því sem þær eru eldri.

“Helstu niðurstöður könnunarinnar eru þær að fólk er almennt nokkuð sammála um helstu kosti og galla Evrópusambandsaðildar,” segir Guðbjörg. “Kostir sem svarendur tilgreindu eru einkum þeir að hægt væri að taka upp evru, búast mætti við lækkingu vöruverðs og vaxta, auk meiri stöðugleika í efnahagslífinu. Það sem svarendur töldu helstu galla og óttuðust mest voru neikvæð áhrif á sjávarútveg og landbúnað og skert sjálfstæði en margir óttast að áhrif Íslands á stefnu og ákvarðanir Evrópusambandsins yrðu lítil.

Mikill munur er á afstöðu til aðildar eftir stjórnmálaskoðunum en drjúgur meirihluti þeirra sem styðja Samfylkinguna er hlynntur aðild að ESB. Meðal stuðningsmanna Framsóknar-, Sjálfstæðisflokks og Vinstri grænna eru hins vegar töluvert fleiri andvígir en hlynntir aðild þó það sé í engu tilfallinu yfir 50%.

Harðsnúnustu stuðningsmenn Evrópu-

sambandsaðildar er því væntanlega að finna í hópi háskólamenntaðra, tekjuhárra, karlmanna á höfuðborgarsvæðinu, sem styðja Samfylkinguna og telja alþjóðavæðingu og fjölgun útlendinga vera af hinu góða.

Guðbjörg segir athyglisvert að nokkuð stór hópur, sérstaklega kvenna telji sig ekki hafa nægar upplýsingar til að taka afstöðu til Evrópusambandsaðildar, en mikill munur sé á afstöðu til aðildar eftir kyni aldri og búsetu. “Viðmælendur í rýnihópum og svarendur í könnun töldu sig vart geta treyst því sem stjórnmálamenn segðu um Evrópusambandsaðild. Þeir óttuðust að stjórnmálamenn eða aðrir talsmenn með eða móti aðild væru meðvitað að sleppa því að ræða það sem gæti skapað neikvæð viðhorf almennings til þeirra stefnu, hvort sem hún væri með eða á móti inngöngu í Evrópusambandið. Þátttakendur virtust vera hræddir um að það væru hagsmunir talsmannanna sem væru ráðandi í umræðunni en ekki hagsmunir þjóðarinnar.”

Fram kom að fólk treysti best upplýsingum frá fræðimönnum sem fjölluðu bæði um kosti og galla aðildar. Jafnframt voru margir þeirrar skoðunar að æskilegt væri að fjalla um Evrópusambandið í fjölmiðlum út frá því hver áhrif aðildar væru á hinn almenna íbúa. T.a.m. væri gott að heyra viðhorf almennra íbúa í löndum sem væru nú þegar í sambandinu og byggju að einhverju leyti við samþærilegar aðstæður og Íslendingar, s.s. Danir, Finnar, Írar og Svíar.

Könnunina ásamt eldri könnunum má nálgast á vef samtakanna [www.si.is](http://www.si.is).



0101010ATGC10101010ATGC  
1010ATGC010101010  
01010A0101  
10ATGC010  
01010ATGC1010  
010ATGC10ATGC0  
0101010ATGC010101  
010ATGC1010  
ATGC01010A

## Framtíðin er í okkar höndum

[www.si.is](http://www.si.is)





# Styrkir SI til vinnustaðakennslu veittir í fyrsta sinn

Katrín Dóra Þorsteinsdóttir, starfsmannastjóri Norðlenska, tók við styrknum úr hendi Jóns Steindórs Valdimarssonar, framkvæmdastjóra SI

Vinnustaðakennslustyrkir SI voru afhentir í fyrsta sinn í mars. Sex fyrirtæki hlutu styrki sem nema rúmlega fjórum milljónum króna. Norðlenska var eitt þeirra.

Norðlensku kjötiðnaðarfyrirtækin Norðlenska og Kjarnafæði hlutu hæstu styrkina, rúmlega 1,1 m. kr. hvort. Prentfyrirtækin Landsprent, ODDI, Gutenberg og Árvakur hlutu 470 þ. kr. hvert.

Katrín Dóra Þorsteinsdóttir, starfsmannastjóri Norðlenska, tók við styrknum úr hendi Jóns Steindórs Valdimarssonar, framkvæmdastjóra SI. Jón Steindór nefndi að styrknum væri ætlað að koma til móts við kostnað fyrirtækja

af vinnustaðakennslu en ekki til að greiða hann að fullu. Samtök iðnaðarins hvettu stjórnvöld til að leggja a.m.k. sambærilega fjárhæð til verkefnisins enda bæru stjórnvöld ábyrgð á iðn- og starfsnámi.

Katrín Dóra nefndi að stuðningur Samtaka iðnaðarins væri mikilvægur og kæmi á réttum tíma. Stefnt væri að því að fjölga nemum í kjötiðnaðarnámi og því myndi styrkurinn létta undir kennslu þeirra á vinnustað.

Samtök iðnaðarins veita árlega 10 m. kr. til vinnustaðakennslu í fyrirtækjum, sérstaklega í þeim greinum sem erfitt er

að fá nema eða taka við nemum í vinnustaðakennslu.

Áherslur í styrkveitingu eru mismunandi. Eitt árið er lögð áhersla á tiltekna grein en aðra næsta ár. Að þessu sinni ákváðu Samtök iðnaðarins að hvetja fyrirtæki í prentiðnaði og kjötiðni til að sækja um.

Markmið SI með því að styrkja fyrirtæki til að taka nema í vinnustaðakennslu er eftirfarandi:

1. Að hvetja stjórnvöld til að taka þátt í fjármögnun vinnustaðakennslu.
2. Að hvetja til þess að stofnaður verði starfsnámssjóður til að jafna kostnað milli fyrirtækja sem taka nema í starfsþjálfun og þeirra sem ekki gera það.
3. Að hvetja fyrirtæki í þeim greinum, þar sem skortur er starfsfólki í tiltekna iðn- og starfsgreinar, að taka nema.

Styrkurinn er veittur fyrirtækjum í iðnaði sem annast vinnustaðakennslu í víðri merkingu. Áhersla er lögð á nám í löggiltum og viðurkenndum iðn- og starfsgreinum á framhaldsskólastigi. Styrkur er veittur fyrirtækjum sem annast skilgreinda kennslu á vinnustað í samræmi við samþykka námskrá.

Ingi Bogi Bogason

## Landssamband bakameistara styrkir börn í Pakistan

**Landssamband bakameistara stóð fyrir söluátaki í mars til styrktar ABC barnahjálpar. Alls söfnuðust 877.500 krónur sem runnu til hjálpar börnum í Pakistan.**

Söluátakið fór þannig fram að í bakaríum víða um land var boðið upp á bakkelsi sem nefnist Hjálparsnúður. Fimmtán krónur af andvirði hvers snúðs runnu til ABC barnahjálpar en sú upphæð nægir til að kosta daglega máltíð handa einu barni.

Á síðustu tveimur og hálfu ári hefur ABC barnahjálpar byggt fjóra skóla í Pakistan og komið á fót fjórum öðrum í leiguhúsnæði. Samtals eru í þessum átta skólum um 1800 börn. Skólarnir voru settir af stað í þeirri trú að stuðningsaðilar styðji við framtakið og hugmyndin að baki snúðaverkefninu var að finna leið til að hægt væri að

gefa börnunum að borða í skólunum. Hlutur ABC af hverjum seldum snúði nægir til að kosta skólamáltíð fyrir eitt barn.

**HJÁLPARSNÚÐURINN**  
- LÁTUM GOTT AF OKKUR LEIÐA -

Landssamband bakameistara og ABC barnahjálpar taka höndum saman um að styrkja börn í Pakistan. ABC barnahjálpar rekur átta skóla í landinu en hefur ekki nægilega fjármagn til að kosta máltíðir í þeim öllum. Fimmtán krónur af andvirði hvers hjálparsnúðs, renna til ABC barnahjálpar en sú upphæð nægir til að kosta daglega skólamáltíð handa einu barni.

abc  
Landssamband bakameistara

SI

Íslenskur iðnaður

Fréttablað Samtaka iðnaðarins  
3/4. tbl. 14. árg. Mars/Apríl 2008  
ISSN 1022-7741

För í prentsmiðju: 09.04.2008  
Prentvinnsla: Prenttækni hf.  
Plastpökkun: Iðjuberg  
Ljósmyndir: Jóhannes Long, Odd Stefán

Útgefandi: Samtök iðnaðarins  
Borgartúni 35, 105 Reykjavík  
Sími: 591 0100, fax: 591 0101  
Kennitala: 511093-2019  
www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is  
Ábyrgðarmaður: Jón Steindór Valdimarsson  
Ritstjóri: Rakei Pálsdóttir  
Efnisstjóri og umbrot: Þóra Ólafsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota ritað efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildir í slíkum tilvikum.

# Atvinnuuppbygging á landsbyggðinni

*Nýting jarðhita á Þeistareykjum er ein forsenda frekari atvinnuuppbyggingar á norðausturlandi*

Öflugt atvinnulíf og sterkir innviðir eru forsendur blómlegrar byggðar og óþarfi að rekja það frekar að þar sem þeirra nýtur ekki við hnignar atvinnulífi, fólki fækkar, þjónusta versnar og þannig hefst atburðarás sem ekki verður snúid við með góðu móti. Þó við viljum halda öllu landinu í byggð vitum við vel að byggð mun ekki verða óbreytt. Búseta fólks mun hér eftir sem hingað til taka mið af breyttum atvinnuháttum og þróun samfélagsins.

Á tímum hnattvæðingar er þetta sérstaklega mikilvægt þar sem bæði fyrirtæki og einstaklingar leita sér umhverfis þar sem skilyrði til rekstrar og fjölbreytts mannlífs eru best. Ætlum við Íslendingar að viðhalda búsetu sem víðast í landinu, verðum við að nýta þá landkosti sem til staðar eru og tryggja að atvinnulífinu séu sköpuð góð rekstrarskilyrði.

Það dugar skammt að hafa uppi hástemmdar yfirlýsingar um að efla byggð í landinu ef því fylgja ekki athafnir. Það dugar ekki að segja að í stað fiskvinnslu og fiskiðnaðar skuli íbúar landsbyggðarinnar bara taka sér eitthvað annað fyrir hendur og að hvergi megi hrófla við náttúru landsins. Fiskiðnaður verður aldrei aftur sú undirstaða byggðar í landinu sem hún var, og skiptir þá ekki máli hvort aflí við Íslandsstrendur glæðist á ný. Það þarf nefnilega í dag ekki nema þriðjunginn af þeim mannskap sem þurfti fyrir 10 árum til að vinna þann afla sem á land berst. Ferðaþjónusta er góðra

gjalda verð en árstíðarbundin atvinnugrein og landsbyggðarfólk eins og aðrir landsmenn þurfa vinnu og tekjur allt árið. Gríðarlegur flutningskostnaður kemur í veg fyrir eða hamlar mjög allri framleiðslustarfsemi á landsbyggðinni a.m.k. þeirri sem byggir á vöruútflutningi og skiptir þá einu hvort um er að ræða flutning á stærsta markaðssvæði landsins eða til útlanda.

## Stór og öflug fyrirtæki

Sem betur fer eru víða um land enn til staðar góðar forsendur til uppbyggingar öflugra fyrirtækja. Arðbær rekstur sem nýtir hugvit og aðrar auðlindir, skapar ný störf, greiðir góð laun og er byggður upp til langrar framtíðar er það sem við þurfum til að skapa grunn að frekari uppbyggingu. Við þurfum stór og öflug fyrirtæki á landsbyggðinni því þau styrkja ekki aðeins samfélagið með fjölgun nýrra starfa, heldur skapa tækifæri til öflugrar þjónustu bæði af hálfu einkaaðila og hins opinbera. Þetta má skýrt sjá á þeim viðsnúningi sem orðið hefur á Austurlandi. Því er það alveg nauðsynlegt að stjórnvöld greiði sem frekast er unnt götu þeirra sem hyggjast fjárfesta í nýjum öflugum fyrirtækjum hvort sem um er að ræða álver, aflþynnuverksmiðju eða netþjónabú og þá riður á að innviðir samfélagsins séu þess búnir að taka við slíkri uppbyggingu hvort sem litið er til samgangna, fjarskipta, orkukerfisins eða annarra þátta. Auðvitað þannig að sam-

tímis séu uppfylltar strangar kröfur í umhverfismálum. Um leið er nauðsynlegt að stjórnvöld taki mið af mismunandi aðstæðum í landinu þegar framkvæmdaröð er ákveðin.

## Álver við Bakka

Eftir ítarlega skoðun og mat á landkostum og aðstæðum í Eyjafirði, Skagafirði og við Húsavík kynnti Alcoa þá ákvörðun sína að velja Bakka við Húsavík sem vænlegasta staðinn á Norðurlandi fyrir næsta álver fyrirtækisins í lok janúar 2006 eða fyrir rúmum tveimur árum. Frá þeim tíma hefur stærstur hluti íbúa þessa landshluta beðið eftir því með óþreyju að verkefnið fari af stað. Miðað við Kyoto bókunina er ekki svigrúm til að byggja mörg álver á Íslandi og því telja allir sem hér búa að álver eigi að rísa á Bakka og um það er full samstaða meðal Norðlendinga. Hér er orkan til staðar og augljóst að það þarf stóriðju af einhverju tagi til að nýta hana. Hér hefur slík framkvæmd minni neikvæð áhrif en á flestum öðrum stöðum landsins og hér hefði stórt álver gríðarleg áhrif á þróun byggðar á svæði sem nú þegar á í vök að verjast. Það er því í sjálfu sér heilmikill áfangi að nú skuli vera tekin um það ákvörðun um að fara af stað með mat á umhverfisáhrifum álvers á Bakka sem færir verkefnið einu skrefi nær framkvæmdum.

*Ásgeir Magnússon*

# Rannsóknir eru auðveldar – þróun er erfið

Rannsóknir eru auðveldar – þróun er erfið. Þetta kom fram í máli Bernhards Pálssonar, prófessors við Kaliforníu háskóla, sem talaði á málstofu um markaðsmál í líftækni sem Samtök líftækni-fyrirtækja héldu. Bernhard sem stundar rannsóknir á sviði kerfislíffræði sagði frá reynslu sinni af stofnun og rekstri sprotafyrirtækja en hann hefur komið að nokkrum slíkum í gegnum tíðina. Bernhard fjallaði um reynslu sína af fjármögnun þessara verkefna sem hefur verið í gegnum fjárfestinga- og rannsóknarsjóði. Hann sagði það taka um átta ár að koma fyrirtæki á legg enda virðast fjárfestingarsjóðir í Bandaríkjunum líta á fjárfestingar sem þessar sem 10 ára ferli. Áður hafi verið miðað við fimm ár en það hefur reynst of stuttur tími fyrir viðfangsefni líftækninnar. Eins hefur mönnum lærst að leggja strax inn það fjármagn sem þarf til að komast fljótt að því hvort dæmið gengur upp, frekar en að reka fjársvelt sprotafyrirtæki í langan tíma. Þá er hætt á að missa hæft fólk út, allt ferlið gengur hægar, bæði rannsóknir og einkaleyfaumsóknir. Væntingar um margföldun fjárfestinga þurfa að vera til staðar svo fjárfestingarsjóðir séu tilbúnir til að leggja af stað í þetta ferli.

## Verðmæti í fólki

Bernhard lagði áherslu á að alls konar fólk þurfi til að sprotafyrirtæki komist á legg; vísindamenn, verkfræðinga, lögfræðinga, markaðsfólk og rekstrarfólk. Allt þetta fólk sé dýrmætt, hver hugsar á sinn hátt og kemur með mikilvægt innlegg. Góðir fjárfestar séu einnig mikils virði því þeir geti fært þekkingu og sambönd inn í fyrirtækið. Þegar fyrirtækin stækki þurfi að huga að því að breyta starfsmannahópnum og stjórnunarstíl, því sé oft heppilegt að skipta um fólk í brúnni þegar fram líður og jafnvel að frumkvöðullinn fari út úr fyrirtækinu.

Bernhard sagði frá reynslu sinni af SBIR rannsóknarsjóðum í Bandaríkjunum en þangað hafa sum fyrirtækja hans leitað eftir fyrstu styrkjum. Athygli vakti að tölurnar sem hann nefndi sem dæmi um styrkuppþæðir voru svipaðar þeim sem íslenskir rannsóknarsjóðir úthluta, nema hann talaði um dollara en hér eru upphæðirnar í krónum.

**Bryndís Skúladóttir**  
forstöðumaður  
umhverfismála



## Aðgangur að markaði verðmætur

Hilmar Janusson, framkvæmdastjóri rannsóknar- og þróunarsviðs Össurar, fjallaði um samskipti sprotafyrirtækja og stórra alþjóðlegra fyrirtækja. Hann sagðist m.a. hafa lært að aðgangur að markaði sé í raun miklu verðmættari en einstök tækni eða einkaleyfi. Það getur stórt fyrirtæki haft umfram sprotafyrirtæki, sem aftur býr yfir einstakri þekkingu eða færni sem stóra fyrirtækið getur nýtt sér. Af þessari ástæðu getur verið eftirsóknarvert fyrir þessa aðila að hefja samstarf. Samvinnan getur verið

með ýmsu móti, s.s þróunar- eða samstarfssamningar, undirverktakavinna eða sölu- og dreifingarsamstarf. Varðandi markaðssetningu sagði Hilmar að ekki megi vanmeta sölu- og markaðsfólk, þetta séu afar dýrmætir starfsmenn og gott markaðs- og sölu fólk í líftækni sé ekki auðfundið.


Nokkur atriði þarf að varast við gerð samninga en mikilvægast er að allir aðilar séu heiðarlegir og gefi strax til kynna hverjar væntingar þeirra af samstarfinu eru. Gæta þarf að því að áætlanir falli saman, að allir tali sama málið og skilji hluti á sama hátt. Eins þurfa hugmyndir um hver hin raunverulegu verðmæti eru að vera á hreinu. Hilmar ráðleggur sprotafyrirtækjum að nýta sér aðstoð lögfræðinga, nota reynd módel um samstarf og nýta sér persónuleg sambönd.

## Reynslunni ríkari

Markmið málstofunnar var að auka þekkingu og skilning á markaðsmálum fyrir líftækni. Auk Hilmars og Bernhards komu fram fulltrúar frá Prokatín, Orf líftækni, Genís, Bláa lóninu og Matis sem kynntu fyrirtæki sín og sögðu frá reynslu sinni af markaðsmálum. Ljóst er að talsverð þekking er orðin til á þessu sviði og ekki annað að sjá en að horfur séu góðar fyrir líftækniyrirtæki í framtíðinni.

## Gengisfall og verðbólguþrýstingur

Gengi krónunnar féll snarlega í vikunni fyrir páska eða um 20%. Alls hefur krónan veikst um tæp 30% það sem af er árinu. Gengi evru hefur lægst verið 90,2 kr. á árinu en fór hæst í tæpar 123 kr. Verðbólguþrýstingur hefur aukist verulega vegna þessa og búast margir við að verðbólga geti mælst um og yfir 10% á næstu mánuðum.



# Verk og vit 2008

Stórsýning tileinkuð byggingariðnaði, skipulagsmálum og mannvirkjagerð verður haldin í nýju Íþrótt- og sýningarhöllinni í Laugardal 17.-20. apríl. Sýningin er framhald sýningarinnar Verk og vit 2006.

Í tengslum við sýninguna standa Samtök iðnaðarins fyrir ráðstefnunni

## Áhætta í verktöku – hver er sinnar gæfu smiður

17. apríl klukkan 13.00 – 16.00 í Íþrótt- og sýningarhöllinni.

## Dagskrá

### Áhættuþættir í verktöku

- Ásgeir Loftsson, yfirverkfræðingur hjá ÍSTAK

### Áhættugreining og áhrif einstakra þátta

- Sigurður Sigurðsson, framkvæmdastjóri Mannvirkjasviðs ÍAV

### Útboð Vegagerðar á yfirlögnum Reykjanesbrautar

- Sigþór Sigurðsson, forstjóri Hlaðbær Colas

### Afleiðingar þess að meta / viðurkenna ekki áhættu

- Othar Örn Pedersen, LOGOS lögmannsþjónusta

### Skipting fjárhagslegrar áhættu í útboðum Landsvirkjunar

- Björn Stefánsson, framkvæmdastjóri verkfræðisviðs – Landsvirkjun Power

### Verkabyrgðir – Hvað kostar verkabyrgð? Hvað og hvern tryggir hún? Hvað þarf til að geta keypt hana? Hvar fæst hún?

- Hilmar Konráðsson, forstjóri Verktaka Magna

### Hvað kostar að tryggja sig framvirkt? Hvað og hvernig er hægt að tryggja?

- Bjarki Rafn Eiríksson frá gjaldeyris- og afleiðumiðlun Kaupþings

**Fundarstjóri:** Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri BM Vallár

Ráðstefnan er öllum opin og aðgangur ókeypis.

Allar upplýsingar um sýninguna og aðrar upptökur tengdar henni er hægt að nálgast á [www.verkogvit.is](http://www.verkogvit.is)

**Stórsýningin Verk og vit 2008**  
Íslenskur byggingariðnaður, skipulagsmál og mannvirkjagerð  
Laugardalshöllinni 17.-20. apríl

**Misstu ekki af glæsilegri sýningu!**

Stórsýningin Verk og vit sem verður haldin í annað sinn dagana 17.-20. apríl hefur fest sig í sessi sem stærsti viðburðurinn á sínu sviði á Íslandi. Komdu og sjáðu allt það nýjasta í íslenskum byggingariðnaði, skipulagsmálum og mannvirkjagerð. Ekki missa af Verki og viti 2008!

| Sýningartími          | Fagaðilar   | Almennir gestir |
|-----------------------|-------------|-----------------|
| Fimmtudagur 17. apríl | 17:00-20:00 |                 |
| Föstudagur 18. apríl  | 11:00-19:00 | 12:00-18:00     |
| Laugardagur 19. apríl | 12:00-18:00 | 12:00-17:00     |
| Sunnudagur 20. apríl  | 12:00-17:00 |                 |
| Verð aðgöngumiða      | 2.000 kr.   | 1.200 kr.       |

Námenn, eftirlaunabætur og sýntýjar greiða 900 krónur.  
Athugið að miði fyrir fagaðila gildir alla sýningardagana.  
Frítt fyrir börn yngri en 12 ára í fylgd með fullorðnum.

Nánari upplýsingar er að finna á vefsvæðinu [Verkogvit.is](http://www.verkogvit.is)

AP sýningar sjá um framkvæmd sýningarinnar í samvinnu við samstarfsaðila.

Samstarfsaðilar:

AP sýningar - Myrargötu 2-8 - 101 Reykjavík - sími 511 1230 - www.apr.is - www.verkogvit.is